



Fréttabréf heimsforeldra
Haust 2008

HEIMSFORELDRAR

SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA

Kæra heimsforeldri,



Það vill oft verða þannig að þegar á móti blæs þjappar fólk sér meira saman. Undanfarnar vikur höfum við hjá UNICEF fundið fyrir miklum stuðningi í samfélaginu. Í því sambandi langar mig að nefna samtal sem okkur barst fyrir nokkru. Hinum megin á línunni var heimsforeldri sem vildi þrefalda framlag sitt með þeim orðum að „fleiri hefðu það miklu verra en við.“ Þetta er ekki bara afstaða sem við hér hjá UNICEF tökum heilshugar undir, þetta er einnig staðreynd sem við upplifum í okkar starfi.

Hvert framlag skiptir máli og er það okkar hlutverk að sýna þér, kæra heimsforeldri, hversu mikilvægt framlag þitt er fyrir velferð barna.

Í þessu fréttabréfi förum við vítt og breitt um heiminn og segi- um sögur af börnum sem njóta góðs af stuðningi þínum. Við förum til Georgíu og kynnumst Beka sem liggur á barnaspítalanum þar. Í Banglades heimsækjum við Sathi, 8 ára gamla stúlku, sem vinnur í endurvinnslustöð fyrir rafhlöður. Við kíkjum einnig til Epiópiu þar sem UNICEF vinnur mikið starf til hjálpar vannærdum börnum, m.a. með því að gefa þeim næringarríka mjólk.

Mig langar til að benda þér á meðfylgjandi bækling þar sem þú getur kynnt þér úrval jólakorta og gjafavara UNICEF í ár. Um leið og þú gleður ástvini með gjöf ert þú að styðja við verkefni UNICEF. Þannig ert þú í raun að gefa tvöfalda gjöf. Við hvetjum þig til að kíkja við í búðinni okkar á Laugavegi 42 því nú er tíminn til að gefa gjöf sem skiptir máli.

Við hjá UNICEF erum einlæglega þakk- lát fyrir áframhaldandi stuðning þinn. Veik og vannærd börn munu eiga miklu erfiðara en fyrr í þeim efnahagsþrengingum sem nú ríða yfir heiminn. Oft var þörf en nú er nauðsyn. Við þökkum þér því kærlega fyrir að standa með okkur og hjálpa okkur að gefa bágstöddum börnum betra líf.

Bestu kveðjur,

framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.



VILT ÞÚ FÁ FRÉTTABRÉFIÐ Í TÖLVUPÓSTI?

Hafir þú áhuga á að fá fréttabréfið í tölvupósti frekar en í gegnum póstlúgu- una heima, sendu okkur einfaldlega póst á heimsforeldri@unicef.is með upplýsingum um nafn og kennitölu. Við skráum þá tölvupóstfangið þitt og þú færð næsta fréttabréf sent rafrænt.

Við bendum á að hægt er að nálgast öll fréttabréf heimsforeldra á heimasíðunni www.unicef.is/heimsforeldrar_upplýsingar.



FJÁRFRAMLÖG TIL UNICEF HAFNA EKKI TAPAST

Í ljósi umræðna síðustu vikna vill UNICEF koma því á framfæri að ekkert af fjár- framlögum heimsforeldra eða annarra styrktaraðila hefur tapast þar sem allt fé er geymt á öruggum bankareikningum. Sömuleiðis hafa allir bakhjarlar UNICEF staðið við skuldbindingar sínar um fram- lag til reksturs skrifstofunnar hér á landi og til verkefna erlendis.



AÐSTOÐ TIL BARNA Í KJÖLFAR ÁTAKA Í GEORGÍU

Á lashvili barnaspítalanum í Tbilisi, höfuðborg Georgíu, liggur hinn 13 ára gamli drengur Beka. Hann og vinir hans stóðu saman á spjalli nærri húsi Beka í bænum Gori þegar sprengja sprakk nálægt þeim. Sprengjubrot flugu yfir drengina og Beka særðist mjög illa á höfði. Hann hefur þurft á mörgum aðgerðum að halda við áverkum sínum. Vinir hans særðust líka og mörgum vikum eftir atvikið var Beka enn í áfalli.

Átökin sem brutust út í byrjun ágúst milli Rússlands og Georgíu eiga sér langa, flókna sögu. Sem ópólitísk samtök vinnur UNICEF með báðum aðilum til að veita börnum hjálparhönd í hringiðu átaka. Alls þurfti að veita yfir 130 þúsund manns í Georgíu aðstoð í kjölfar átakanna.

UNICEF í Georgíu veitti börnum sálræna aðstoð og skipulagði neyðaraðstoð á sviði vatns og hreinlætis, heilsu og næringar. UNICEF dreifði yfir 40 tonnum af hjálpargögnum sem m.a. innihéldu vatnsbrúsa, bala, skólagögn og leikjapakka fyrir börnin.

Þegar nám átti að hefjast í haust höfðu bæði skólar og leikskólar fyllst af flóttafólki. UNICEF varð því að beita úrræðum til að virða rétt- indi flóttafólksins en um leið gera skólabörnum kleift að hefja nám.



Beka, 13 ára, liggur á barnaspítalanum í Tbilisi með áverka á höfði eftir sprengjubrot. Hann er enn í áfalli eftir að hafa upplifað átökin í landinu.

BARNÞRÆLKUN Í BANGLADESS

Sathi er aðeins 8 ára gömul og vinnur þrælavinnu í endurvinnslustöð fyrir rafhlöður. Fyrir utan að fá borgað undir lágmarkslaunum eru börn eins og Sathi oft óvarin gegn snertingu við lífshættuleg eiturefni. Í dag eru 246 milljónir barna við vinnu um allan heim. Í Bangladess er áætlað að um 6,9 milljónir barna á aldrinum 5 til 14 ára séu notuð sem ódýrt vinnuafli.

UNICEF, Alþjóðavinnuálagstofnunin og fataframleiðendur í Bangladess hafa tekið höndum saman um að binda enda á barnaþrælkun í fataverksmiðjum landsins. Þeim börnum, sem tekist hefur að frelsa úr þrældómnum, er veittur styrkur til náms.



Þrátt fyrir að Bangladess sé eitt af fátækustu löndum heims hefur fátækt þar minnkað um 1% árlega á síðustu 10 árum og gefur það UNICEF von í baráttunni.

Hin 8 ára gamla Sathi lítur upp frá vinnu sinni í endurvinnslustöð fyrir rafhlöður. Húð hennar og fót eru svört af kolefnisútblæstri.

PRINSESSA ÁN HALLAR

Prinsessa er ein af 700 þúsund börnum í Líberíu sem ganga ekki í skóla. Hún býr í stórri, niðurníddri byggingu á Ashmon stræti í Monróvíu, höfuðborg Líberíu, ásamt hundruðum annarra fjölskyldna sem flosnuðu frá heimilum sínum meðan borgarastyrjöld geisaði í landinu. Byggingin er án rafmagns og rennandi vatns.

Yfir 250 þúsund manns létust og ein milljón manna misstu heimili sín í 14 ára löngu borgarastríði. Í dag er tíðni barnadauda í landinu enn með þeim hætti í heimi. Skólasókn barna er lág, sér í lagi meðal stúlkna. Flestir íbúar eru án rafmagns og hafa ekki öruggan aðgang að hreinu vatni.

UNICEF í Líberíu vinnur á mörgum sviðum, m.a. við að veita börnum heilsugæslu, rétta næringu, menntun og aðgang að hreinu vatni. UNICEF verndar börn gegn ofbeldi og sjúkdómum, eins og HIV/alnæmi.



Þessi stúlka heitir Prinsessa og er 9 ára gömul. UNICEF reynir að veita börnum eins og Prinsessu tækifæri til að mennta sig og þar með eiga kost á að rjúfa þann vítahring fátæktar sem hún og fjölskylda hennar búa við.

ÍRÖSK BÖRN BÚA ENN VIÐ ÖÖRYGGI


Íraska þjóðin býr enn við mikið ööryggi eftir stríðið sem hófst í maí 2003 milli fyrrverandi ríkisstjórnar Íraks og herja nokkurra þjóða sem Bandaríkjamenn fóru fyrir. UNICEF glímur við afar erfitt ástand í Írak. Upprót og þjófnaður hamlar uppbyggingarstarfi, ósprungnar sprengjur valda dauðsföllum meðal barna og eyðilegging vatnsveitukerfisins skapar mikla ógn við heilsu og velferð barna. Auk þess er skortur á lyfjum, sjúkragögnum og heilsugæslustarfsfólki í landinu.

Fyrir stríð var áætlað að 25% barna í landinu væru alvarlega vannærð. UNICEF hefur á síðustu árum veitt þúsundir tonna af hjálpargögnum til íraskra barna. Þar á meðal lyf, heilsugæslupakka, næringarríkt kex og annan mat. UNICEF hefur einnig hjálpað til



Marwa Fallah, 12 ára, situr með yngri systkinum sínum og móður í Bagdad. Hún missti stóran hluta af hægri fæti þegar sprengja sprakk fyrir utan heimili hennar. Forvarnarfræðsla UNICEF um sprengjur skiptir miklu máli til að koma í veg fyrir að börn skaðist af völdum þeirra.

við opnun vatnsbóla, dreift milljónum lítra af hreinu vatni, vatns-hreinsitöflum og komið upp vatnsbrunnum. UNICEF hefur átt stóran þátt í endurbyggingu skólakerfisins, m.a. með því að dreifa skólagögnum til 100 þúsund barna. Auk þess hefur UNICEF veitt börnum, sem orðið hafa fyrir áföllum vegna stríðsins, sálræna aðstoð og staðið fyrir forvarnarfræðslu um ósprungnar sprengjur.



Aulla Hayder, 8 ára, lítur upp frá skólabókunum í Medina Al-Mudon grunnskólanum í Bagdad. Skólinn skemmdist ekki í stríðinu og var sá fyrsti sem opnaði aftur. Skólinn mun brátt fá skólagögn frá UNICEF. Aulla segist ekki hafa verið hrædd þegar hún heyrði sprengjum rigna yfir borgina. Hún ætlar að verða læknir. Sem heimsforeldri hjálpar þú UNICEF að gefa börnum von um betri framtíð.

NEYÐARÁSTAND VEGNA MATARSKORTS OG ÞURRKA

Allt að 6 milljónir barna undir 5 ára aldri í Eþíópíu – næstum helmingur allra barna undir 5 ára í landinu – þurfa á aðstoð að halda. Langvarandi þurrkar, matarskortur og hækkun matarverðs hefur skapað neyðarástand sem teygir sig nú til allrar Eþíópíu.

Í maí á þessu ári hóf UNICEF að auka aðstoð sína til að bregðast við aukinni vannæringu barna, en áætlað er að 126 þúsund börn glími við mjög alvarlega vannæringu í dag. Versta ástandið er á svæðum sem hafa lent í miklum þurrkum undanfarið.

UNICEF og Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) hafa unnið saman og veitt vannærðum börnum næringarríkan mat, bóluasetningar gegn mislingum, lyf við ormum í maga og A-vítamín til að styrkja ónæmiskerfið. Stuðningur heimsforeldra UNICEF skiptir sköpum þar sem þessar aðgerðir bjarga lífum barna.



Alvarlega vannært barn hvílir sig eftir að hafa fengið F75-mjólk, en hún er sérstaklega ætluð til meðferðar á vannæringu barna á fyrsta stigi. Mjólkinn er full af bætiefnum og börnin þurfa að drekka mjólkina átta sinnum á dag. F75-mjólkinn hjálpar líkamanum að komast úr því áfalli sem vannæring er og aðlaga hann að því að melta fæðu á ný. Barnið fær umönnun í tjaldi sem er næringarmiðstöð fyrir fólk á Sirano-svæðinu í Oromia-héraði.



Khensa Ibro er aðeins 5 ára og alvarlega vannærð. Hér bíður hún eftir aðstoð í næringarmiðstöð sem styrkt er af UNICEF og heimsforeldrum. Khensa þjáist af alvarlegri vannæringu þar sem líkaminn heldur vökva inni og orsakar þjúg. Ástandið skapast af langvarandi sulti.



Faðir Khensa, Ibro Bekeru Yusef, labbaði í heilan dag til að koma litlu stelpunni sinni í næringarmiðstöðina. Þetta er hennar fyrsti dagur þar og það verður að mata hana hægt og rólega. Þrátt fyrir það kastar hún mjólkinni upp. Það á eftir að taka litla líkama hennar margar vikur og jafnvel mánuði að jafna sig.



Hugað er að barni í miðstöð fyrir vannærð börn sem styrkt er af UNICEF og heimsforeldrum.